

362. – Stjórnarfundur LEB 11. október 2020

Kl. 09.00 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Ragnar Jónsson.- *Jónas Sigurðsson boðaði forföll.*

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 13.09.2022

Samþykkt

2. Árshlutauppgjör f. fyrstu 8 mánuði ársins og reikningshald.

- a. Sigrún Camilla gjaldkeri LEB fór yfir stöðu fjármála LEB í þessu uppgjóri. Einkum vekur athygli að viðsnúningur hefur orðið á rekstri sambandsins og stefnir í að það getir oirðið um 4 milljóna hagnaður í lok árs, en skuld var eftir síðasta ár um 500 þúsund og árið þar á undan um 5 milljónir.
Fögnuðu stjórnarmenn þessum bata í afkomu sambandsins og mælast til að árshlutauppgjör verði regla í störfum stjórnar LEB.
- b. Helstu kostnaðarliðir fyrir utan laun er LEB blaðið og er það einkum dreifingakostnaður sem hefur tekið stökk á allra síðustu árum og aldrei sem nú í ár. Næst koma prentkostnaður og ritstjóra-laun. Þó aukning hafi orðið í auglýsingasölu, sérstaklega í næst síðasta tölublaði, vegur hann engan veginn nægilega til að mæta þessum mikla kostnaði sem dreifing er.
Stjórnarmenn lýsa þungum áhyggjum af þessu en vilja þó fara varlega í að gera LEB blaðið alfarið rafrænt, bæði vegna þess hversu þó margir eru meðal félkagsmanna sem eru ekki nægilega tölvulæsir og síðan hitt að þetta er eitt af fáu sem almennir félagsmenn fá ápreifanlega í hendur.
- c. Þá kynnti Sigrún Camilla breytingar á reikningshaldi LEB. Reikningshald og uppgjör væntanlega til endurskoðunarskrifstofunnar Grant Thornton. Hún er í viðræðum við þau og mun á næstunni eiga fund með þeim. Jóhann Ásgrímsson hefur verið LEB innan handar við endurskipulagningu á færslu bókhalds og mun að þessu frágangnu skila af sér sinni vinnu til hinna nýju aðila.

Stjórnarmenn lýstu ánægju með þróun mála en hvöttu einnig gjaldkera til að leita tilboða hjá fleiri endurskoðunarskrifstofum.

- d. Stjórnarmenn óskuðu eftir frekari upplýsingum um Styrktarsjóð aldraðra sem LEB hefur umsjón með og er núverandi innistæða sjóðsins 2,4 milljónir.
Samþykkt að skrifstofustjóri sendi stjórnarmönnum skipulagsskrá sjóðsins.

3. "Besta lífeyriskerfi í heimi"?

Skrifstofa LEB ásamt formanni og formanni Kjaranefndar haf verið með streymisfund í undirbúningi þar sem m.a. fjármálaráðherra átti að vera meðal frummælenda um þessa fullyrðingu stjórnvalda að undanförunu. Ráðherra hefur ekki séð sér fært vegna anna að staðfesta þáttöku sína. Því hefur ekki orðið af fundinum.

4. Landreisa formanns 2. hluti

Formaður sagði frá fundarferð sinni um landsbyggðina að sækja heim félagsfólk aðildarfélaga LEB. Að þessu sinni fór hann um austurland og norðausturland og hitti fyrir félagsfólk í 17 aðildarfélögum LEB dagana. Áður hafði formaður farið um norðvesturland í fyrstu landreisu sinni. Hefur því heimsótt alls 32 félög í ferðum sínum.

Formaður sagði að almenn ánægja væri meðal félagsfólks að hitta formann í eigin persónu og deila með honum ýmsu því sem liggur þeim á hjarta enda voru fundirnir vel sóttir.

Áður hafa verkefnastjótrar heilsueflingar eldra fólks gert víðreist ýmist með satðfundum eða fjarfundum og var almenn mikil ánægja með þetta verkefni LEB & ÍSÍ hvað sem formaður kom.

Þau mál sem helst brenna á fólki almennt í þessum aðildarfélögum voru kjaramál og lítilsvirðandi viðhorf sem þessi aldurshópur má oft sæta.

Næstu fundir í Landreisu formanns eru fyrirhugaðir m.a. á Snæfellsnesi og Hvammstanga.

5. Önnur mál

- a) Formaður hefur átt fund með heilbrigðisráðherra sem hefur lýst ánægju sinni með *Heilsueflingu eldra fólks* og hyggst beita sér fyrir að verkefnið fái áframhaldandi framgang.
- b) Þorbjörn ræddi *Framkvæmdasjóð aldraðra* en hann situr í stjórn sjóðsins f.h. LEB. Úthlutunarfé sjóðsins er að mestu bundið langtímasamningum svo óhægt er um vik að fjármagna ný verkefni.
- c) Formaður sagði frá *Verkefnastórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk*. Sagði hann mikla vinnu vera lögð í verkefnið og gengi vel, enda hefði verkefnastjórnin á að skipa afar hæfum verkefnisstjóra. Fyrirhugaðir eru vinnufundir í Borgarnesi og á Egilstöðum á næstunni.

- d) Þorbjörn ræddi stöðuna í fjármálafrumvarpi sem nú lægi fyrir Alþingi. Sérstaklega væri brýnt að vísitöluhækkunar á ellilífeyri væru reiknaðar rétt en misbrestur virðist ætla að verða á því, sem stundum áður. Það yrði að leiðrétta og væri enn von um það allt þar til í þriðju umræðu um frumvarpið. Nú væri einnig mikil óvissa um hvort verkalýðshreyfingin bæri málefni eldra fólks af krafti fram í komandi kjarasamningsviðræðum, þar sem klotningur virðist kominn í ASÍ.

*Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.15
Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson*

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum þriðjudag 8. nóvember 2022



Helgi Pétursson formaður LEB